



Velferðarráð

***Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurskoðun á fjármögnun unglingsmiðjanna Traðar og Stígs***

Á fundi borgarstjórnar þann 19. september 2023 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins til meðferðar velferðarráðs:

Lagt er til að fallið verði frá því að skerða fjármögnun unglingsmiðjanna Traðar og Stígs um 12,7 milljónir, sbr. 6. lið fundargerðar velferðarráðs frá 6. september. Í staðinn sé færður peningur úr styrkjaþotti velferðarráðs uppá 12,7 milljónir yfir í rekstur Traðar og Stígs, þannig að ekki þurfi að skerða þjónustu við ungmenni sem eiga í félagslegum erfiðleikum og í leiðinni auka vinnuálag á starfsmenn. Með því er verið að færa hagræðingu á milli liða innan sviðsins en ekki falla frá hagræðingu.

Það tilkynnist hér með.

Þórhildur Lilja Ólafsdóttir  
e.u.

Hjálagt:  
Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins